

# Fundargerð 368. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2014, föstudaginn 3. október kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Már Sveinbjörnsson Ásta Björg Pálmadóttir og Steinþór Pétursson. Í símasambandi voru Guðmundur Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Guðný Sverrisdóttir

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014 - 1311085HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 367. fundar frá 3. september 2014.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Stjórn Hafnasambands Íslands 2014-2016 - 1409052HA

Kosning varaformanns og gjaldkera kjörtímabilið 2014-2016.

*Að tillögu formanns voru Guðný Sverrisdóttir kjörin varaformaður og Steinþór Pétursson gjaldkeri.*

### 3. Starfsnefndir 2014-2016 - 1409053HA

Skipað í starfsnefndir 2014-2016.

*Formaður lagði fram tillögur um skipan starfsnefnda 2014-2016.*

*Í umhverfis- og öryggisnefnd voru kjörin:*

*Már Sveinbjörnsson Hafnarfjarðarhöfn, formaður,*

*Gísli Jóhann Hallsson Faxaflóahöfnum,*

*Björn Arnaldsson Höfnum Snæfellsbæjar,*

*Sigrún Árnadóttir Sandgerðishöfn og*

*Pétur Ólafsson Hafnasamlagi Norðurlands.*

*Nefndin fylgist með og fjallar um málefni hafna á sviði umhverfis og öryggismála. Í því felst m.a. að hafa á hendi almenn samskipti við viðeigandi stofnanir varðandi mengunarvarnir, öryggisreglur og reglur sem varða hafnir varðandi umhverfismál o.fl. Nefndin fjallar að öðru leyti um öryggis- og umhverfismál hafna eftir því sem tilefni er til hverju sinni.*

*Í fræðslunefnd voru kjörin:*

*Steinþór Pétursson Fjarðabyggðarhafnir, formaður,*

*Ásta Pálmadóttir Skagafjarðarhafnir og*

*Guðmundur Kristjánsson Hafnir Ísafjarðarbæjar.*

*Nefndin fjallar um ýmis fræðslumál sem tengjast rekstri hafna s.s. endurmenntun vegna vigtarmála, gerir tillögu að námskeiðum sem áhugaverð kunna að vera fyrir hafnir, fylgist með framboði námskeiða og funda sem áhugaverðir kunna að vera fyrir starfsfólk hafna og annast undirbúning og framkvæmd hafnafundar haustið 2015 og hafnasambandsþings 2016.*

*Í stefnumótunarnefnd voru kjörin:*

*Gísli Gíslason Faxaflóahöfnum, formaður,  
Guðný Sverrisdóttir Hafnasamlagi Norðurlands,  
Ásthildur Sturludóttir Höfnum Vesturbyggðar,  
Magnús B. Jónsson Skagastrandarhöfn og  
Ólafur Snorrason Vestmannaeyjarhöfn.*

*Nefndin er ætlað að greina þær tillögur sem settar voru fram í skýrslu sem Íslenski sjávarklasinn vann fyrir hafnasambandið árin 2013 og 2014 og var kynnt á hafnasambandsþingi 4.-5. september sl. Nefndin skal leggja drög að stefnumótun fyrir hafnir landsins fyrir stjórn Hafnasambands Íslands vorið 2015 og kynna drögin á hafnafundi haustið 2015. Stefnt er að því að senda drögin á hafnirnar til umsagnar og endanleg stefnumótun verði samþykkt á hafnasambandsþingi árið 2016.*

#### **4. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram fundargerð hafnasambandsþing sem haldið var 4.-5. september sl. Til kynningar. Starfsmanni falið að senda fundargerðina út á aðildarhafnirnar.

#### **5. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram ályktun 39. hafnasambandsþings þar sem því er beint til Alþingis og innanríkisráðherra að auka verulega framlög til hafnarverkefna á næstu árum.

*Starfsmanni falið að senda ályktunina á fjárlaganefnd Alþingis og innanríkisráðherra. Einnig er starfsmanni falið að senda ályktunina á aðildarhafnir og hvetja þær til að taka þetta málefni upp við þingmenn sem eru á ferð um landið.*

#### **6. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram ályktun 39. hafnasambandsþings þar sem stjórn er falið að taka upp málefni er varða komur erlendra fiskiskipa sem leita hafna vegna bilunar en hafa ekki löndunarheimild.

*Starfsmanni falið að senda ályktunina á umhverfis- og auðlindaráðherra. Formanni falið að taka málið upp við viðeigandi aðila.*

**7. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram ályktun 39. hafnasambandsþings þar sem skorað er á ráðherra umhverfis- og auðlindamála að við setningu reglugerðar um losun og móttöku úrgangs frá skipum verði einfaldir verkferlar hafnanna ekki flæktir að óþörfu og að eftirlitsverkefni hafna í þágu ríkisins verði ekki aukin.

*Starfsmanni falið að senda ályktunina á umhverfis- og auðlindaráðherra og Umhverfisstofnun.*

**8. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram ályktun 39. hafnasambandsþings þar sem því er beint til ráðherra umhverfis- og auðlindamála að ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar varðandi hafna-, athafna- og iðnaðarsvæða verði tekin til endurskoðunar með það að leiðarljósi að einfalda verkferla við gerð og breytingu skipulags á þessum svæðum. Þá er skorað á ráðherra að láta endurskoða landnýtingarflokkun skipulagsreglugerðar vegna hafna-, iðnaðar og athafnasvæða þannig að ákvæði taki annars vegar mið af breytingum á atvinnustarfssemi og að þau verði hins vegar mun skýrari en nú er.

*Starfsmanni falið að senda ályktunina á Umhverfis- og auðlindaráðherra og Skipulagsstofnun.*

**9. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram ályktun 39. hafnasambandsþings þar sem skorað er á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að hefja nú þegar vinnu við að breyta lögum og reglum varðandi skráningu kaupskipa á Íslandi.

*Starfsmanni falið að senda ályktunina á fjármálaráðherra.*

**10. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram ályktun 39. hafnasambandsþings þar sem áskorun er beint til ráðherra atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis og Fiskistofu að komið verði til móts við hafnirnar um vigtun sjávarafla.

*Starfsmanni falið að senda ályktunina á innanríkisráðherra og Fiskistofu.*

**11. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram ályktun 39. hafnasambandsþings þar sem hafnir eru hvattar til að setja sér formlega umhverfisstefnu.

*Samþykkt að senda erindið til umhverfis- og öryggisnefndar hafnasambandsins. Má falið að hafa frumkvæði að verkefninu.*

**12. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram ályktun 39. hafnasambandsþings þar sem skorað er á á Alþingi að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp um breytingar á hafnalögum með þeim breytingum sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis lagði til við frumvarpið.

*Starfsmanni falið að senda ályktunina á umhverfis- og samgöngunefnd. Einnig er starfsmanni falið að senda ályktunina á aðildarhafnir og hvetja þær til að taka þetta málefni upp við þingmenn sem eru á ferð um landið.*

**13. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum - 1401045HA**

Lögð fram lög um móttöku á úrgangi frá skipum en lögin taka gildi um áramótin.

*Til kynningar.*

**14. Móttaka hafna á erlendum skipum - 1409014HA**

Lagt fram bréf frá Faxaflóahöfnum til Innanríkisráðherra, dags. 29. ágúst 2014, um móttöku hafna á erlendum skipum. Einnig lagt fram svarbréf ráðuneytisins við bréfi Faxaflóahafna.

*Til kynningar.*

**15. Fjarvigtnun: Hagkvæmnisathugun, greining og hönnun á samstarfi hafnarvigtnun um fjarvigtnun. - 1409051HA**

Lögð fram skýrsla sem Sverrir Hjálmarsson, Arinbjörn Þór Kristinsson og Artur Kamil Matusiak nemendur við Keili gerðu í samstarfi við hafnaryfirvöld í Sandgerði og Grindavík.

*Til kynningar. Starfsmanni falið að setja skýrsluna á heimasíðu hafnasambandsins, [www.hafnasamband.is](http://www.hafnasamband.is).*

**16. Starfsáætlun stjórnar 2014-2015 - 1409052HA**

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins til júní 2015.

*Föstudagur 3. október 11:00 Viðverufundur*

*Föstudagur 31. október 11:00 Símafundur*

*Föstudagur 12. desember 11:00 Viðverufundur*

*Föstudagur 16. janúar 11:00 Símafundur*

*Föstudagur 13. febrúar 11:00 Viðverufundur*

*Föstudagur 13. mars 11:00 Símafundur*

*Föstudagur 10. apríl 11:00 Viðverufundur*

*Föstudagur 22. maí 11:00 Heimsókn*

**17. Fjármagn til hafnarframkvæmda í fjárlögum 2015 - 1409064HA**

Lagðar fram upplýsingar um fjárveitingar til hafnaframkvæmda í fjárlögum fyrir árið 2015. Einnig lagt fram minnisblað frá Vali Rafn Halldórssyni um framlög til hafnamála 2014 og 2015.

*Starfsmanni falið að senda minnisblaðið út á aðildarhafnirnar og hvetja þær til að taka þetta málefni upp við þingmenn sem eru á ferð um landið. Einnig er starfsmanni falið að setja minnisblaðið á heimasíðu hafnasambandsins, [www.hafnasamband.is](http://www.hafnasamband.is). Formanni falið að óska eftir fundi með fjármálaráðherra og Vegagerðinni til að ræða fjárframlög til hafnamála.*

*Eftirfarandi bókun var samþykkt:*

*Stjórn Hafnasambands Íslands hefur farið yfir frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 varðandi framlög til hafnamála, en þar kemur fram að gert er ráð fyrir að framlag til hafnabótasjóðs verði 107,4 m.kr. Sú fjárhæð má segja að samsvari byggingu hafnarbakka, sem væri um 21 metri að lengd. Hafnasamband Íslands skorar á Alþingi að endurskoða fjárveitingar til verkefna á sviði hafnamála ekki síst með tilliti til mikilvægis hafnanna fyrir samgöngukerfi landsins, sjávarútveg og atvinnulíf. Ætli Íslendingar sér að viðhalda nauðsynlegum hafnarmannvirkjum og nýta ný tækifæri í flutningum og samgöngum á hafinu umhverfis Ísland mun fyrirhuguð fjárveiting ársins 2015 duga höfnum skammt. Mikilvægt er að móta framtíðarsýn um hlutverk og tækifæri hafnanna, byggða á raunhæfri fjármögnun verkefna, sem koma munu samfélaginu til góða á komandi árum. Hafnasamband Ísland væntir þess að í fjárlögum ársins 2015 megi sjá ásættanleg skref í þá átt.*

**18. Frumvarp til hafnalaga, 5. mál - óskað umsagnar - 1409050HA**

Lögð fram umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um breytinga á hafnalögum.

*Til kynningar.*

**19. Reglugerð um móttöku úrgangs og um gjaldtöku í höfnum - óskað umsagnar - 1409057HA**

Lagt fram bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 17. september 2014, þar sem óskað er eftir umsögn Hafnasambands Íslands um drög að breytingu á reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum og drög að reglugerð um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

*Starfsmanni falið að senda ályktun hafnasambandsþings um reglugerðina til ráðuneytisins.*

**20. Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 53. mál. - 1409065HA**

Lagt fram bréf frá umhverfis- og samgöngunefnd, dags. 25. september 2014, þar sem óskað er eftir umsögn Hafnasambands Íslands um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (fjölgun tilkynningarskyldra framkvæmda, EES-reglur), 53. mál. Einnig lögð fram drög að umsögn hafnasambandsins.

*Starfsmanni falið að senda umsögnina á umhverfis- og samgöngunefnd.*

**21. Merki fyrir Hafnasamband Íslands - 1409066HA**

Lagðar fram fjórar tillögur að merki fyrir Hafnasamband Íslands sem unnar voru af fyrirtækinu argh!.

*Starfsmanni falið að ræða málið við argh!*

**22. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lagðar fram niðurstöður stefnumótunarnefndar á 39. hafnasambandsþingi sem haldið var 4.-5. september sl.

*Samþykkt að senda erindið til stefnumótunarnefndar hafnasambandsins. Formanni falið að hafa frumkvæði að verkefninu. Starfsmanni falið að útbúa könnun og senda út á aðildarhafnirnar þar sem óskað er eftir hugmyndum að sameiningarkostum.*

Fundi var slitið kl. 13:00

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur Kristjánsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Valur Rafn Halldórsson